

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um hlustun samskipta á milli sakborninga og verjenda þeirra.

Frá Arndísi Önnu Kristínardóttur Gunnarsdóttur.

1. Hversu oft hefur lögregla hlustað á samtöl eða önnur samskipti sakborninga við verjendur sína á síðustu fimm árum?
2. Hversu fljótt var upptökum eytt eftir að í ljós kom að um samskipti sakborninga og verjenda var að ræða, sbr. lokamálslið 1. mgr. 85. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008?
3. Var hlutaðeigandi aðilum tilkynnt um þessar aðgerðir, sbr. 1. og 2. mgr. 85. gr. fyrrgreindra laga?

Skriflegt svar óskast.